

# Sveitarstjórn Skagabyggðar fundargerð 01.11.2019

## Fundur 8-2019

---

Fundur haldinn í sveitastjórn Skagabyggðar föstudaginn 1. nóvember 2019 í Skagabúð kl. 13:00.

Mætt voru: Dagný Rósa Úlfarsdóttir, Karen Helga R. Steinsdóttir, Kristján Steinar Kristjánsson, Magnús Björnsson og Magnús Guðmannsson.

Oddviti setti fund og stjórnaði honum.

### **Dagskrá:**

#### **1. Kálfshamarsvík**

#### **2. Bréf og fundargerðir sem borist hafa:**

a) Vegna búgreinahátíðar 2019

b) Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga

c) Lánasjóður sveitarfélaga

d) Héraðsskjalasafnið á Blönduósi

e) Stígamót

f) Skólanefndar fjölbrautaskóla Norðurlands vestra frá 15. október 2019

#### **3. Innheimta hjá sveitarfélaginu**

#### **4. Tónlistarskóli Austur-Húnavetninga**

a) fundargerð frá 24. október 2019

b) ársreikningur 2018

c) endurskoðuð fjárhagsáætlun 2019

#### **5. Lausaganga búfjár**

#### **6. Fjárhagsáætlunargerð**

#### **7. Önnur mál**

### **Afgreiðsla:**

#### **1. Kálfshamarsvík**

Karen lýsti yfir vanhæfi sínu til að taka ákvörðun í þessu máli og vék af fundi. Fyrir fundinum lágu endurskoðuð samningsdrög frá Trésmiðju Kára Lárussonar ásamt uppdrætti af salernishúsi. Samningurinn hljóðar upp á smíði af hreinlætishúsi samkvæmt verklýsingu og teikningu frá Argos ehf. í Reykjavík. Samningsupphæð hljóðar upp á 4.864.000 kr. með virðisaukaskatti og afhendist húsið tilbúið tilbúið til flutnings við verkstæði 15. apríl 2020. Samningurinn er verðtryggður og miðast verðbætur við vísitölu byggingarkostnaðar og miðast við vísitölu þess mánaðar sem skrifað verður undir samninginn. Samningur samþykktur með fyrirvara um að dagsetningu á undirritun verði breytt. Oddvita falið að ganga frá undirritun.

Sveitarstjórn Skagabyggðar fundargerð 01.11.2019  
Fundur 8-2019

---

**2. Bréf og fundargerðir sem borist hafa:**

**a) Vegna búgreinahátíðar 2019**

*Kristján Steinar vék af fundi undir þessum lið.*

*Fyrirspurn um styrkveitingu vegna uppskeruhátíðar Búgreinafélaganna. Samþykkt að styrkja uppskeruhátíðina um 30.000 kr.*

**b) Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga**

*Eftirlitsnefnd með frjármálum sveitarfélaga óskar eftir nánari upplýsingum um fjármál sveitarfélagsins vegna ársreiknings 2018. Oddviti svaraði bréfinu.*

**c) Lánasjóður sveitarfélaga**

*Lánasjóður sveitarfélaga óskar eftir persónuskilríkjum fyrir kjörna fulltrúa sveitarfélagsins sem hafa prókúru fyrir Sveitarfélagið. Oddvita falið að svara bréfinu.*

**d) Héraðsskjalasafnið á Blönduósi**

*Bréf og skýrsla frá Þjóðskjalasafni Íslands lagt fram til kynningar.*

**e) Stígamót**

*Styrkbeiðni frá Stígamótum vegna reksturs félagsins á árinu 2020. Styrkbeiðni vísað til fjárhagsáætlunargerðar.*

**f) Fundargerð skólanefndar fjölbrautaskóla Norðurlands vestra frá 15. október.**

*Lögð fram til kynningar.*

**3. Innheimta hjá sveitarfélaginu**

*Gengið hefur verið frá samningi við Motus sem Oddviti undirritaði 24. október. Sveitarstjórn staðfestir samninginn.*

Sveitarstjórn Skagabyggðar fundargerð 01.11.2019  
Fundur 8-2019

---

**4. Tónlistarskóli Austur-Húnavetninga**

**a) fundargerð frá 24. október 2019**

*Lögð fram til kynningar.*

**b) ársreikningur 2018**

*Lagður fram til kynningar.*

**c) endurskoðuð fjárhagsáætlun 2019**

*Viðaukaáætlun við fjárhagsáætlun 2019 samþykkt.*

**5. Lausaganga búfjár**

Oddvita barst á dögnum símtal frá Lögreglunni á Blönduósi þar sem kvörtunum um lausagöngu hrossa í Norðurárdal var komið á framfæri. Jafnframt var búið að tilkynna til MAST. Sveitarstjórn samþykkir að senda einnig tilkynningu til MAST.

**6. Fjárhagsáætlunargerð**

Í tengslum við komandi fjárhagsáætlun fyrir 2020 er samþykkt að álagningarhlutfall útsvars verði hámarksútsvar, eða 14,52%.

Í fyrstu áætlun jöfnunarsjóðs er gert ráð fyrir a.m.k. 18,7 milljóna króna lækkun framlaga milli ára, sé gert ráð fyrir sambærilegu tekjujöfnunarframlagi, en áætlun um það liggur ekki fyrir.

**7. Önnur mál**

*-Umræður um land undir fyrirhugaða salernisaðstöðu í Kálfshamarsvík. Oddvita falið að ganga frá landamerkjalyfingu/hnitsetningu landamerkja.*

*-Ákveðið að leita samninga við aðila til að sinna vetrarveiði á ref. Málið fær nánari afgreiðslu á næsta fundi.*

# Sveitarstjórn Skagabyggðar fundargerð 01.11.2019

## Fundur 8-2019

---

---

Fleira er ekki tekið fyrir, fundargerð lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl. 15:10.

---

Dagný Rósa Úlfarsdóttir

---

Magnús Björnsson

---

Karen Helga R Steinsdóttir

---

Magnús Guðmannsson

---

Kristján Steinar Kristjánsson